

Borgarstjórn Reykjavíkur
3. febrúar 2026

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um skoðanakönnun meðal íbúa um bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar

Borgarstjórn samþykkir að láta framkvæma skoðanakönnun á meðal íbúa um bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Tilgangur tillögunnar er að tryggja að stefna Reykjavíkurborgar njóti stuðnings íbúa og endurspegli þarfir og skoðanir þeirra á bíla- og hjólastæðum í Reykjavíkurborg. Markmið núgildandi bíla- og hjólastæðastefnu er að fækka bílastæðum og fjölga hjólastæðum, sérstaklega á nýbyggingarsvæðum. Stefnan er umdeild og eðlilegt er að kanna viðhorf íbúa til hennar. Markmið skoðanakönnunarinnar er í fyrsta lagi að auka samtal við íbúa. Skoðanakönnun veitir íbúum tækifæri til að tjá skoðanir sínar og lýsa viðhorfum sínum til þeirrar stefnu sem borgarstjórn hefur samþykkt.

Í öðru lagi að draga fram skýrari mynd af skoðunum íbúa. Skoðanakönnun skilar sér í auknum gögnum um skoðanir og þarfir íbúa eftir hverfum borgarinnar. Það auðveldar borginni að taka upplýstar ákvarðanir og móta stefnu sem tekur tillit til raunverulegra þarfa og óska íbúa.

Í þriðja lagi að fá fram gögn sem nýtast í framtíðarstefnumótun í málaflokknum. Könnun veitir innsýn í hvernig íbúar sjá fyrir sér bíla- og hjólastæði í framtíðinni. Þannig er betur hægt að móta skynsama bíla- og hjólastæðastefnu til framtíðar.